

## *Þjóðfélagsfræði*

Sjálfsmyndin

## *Hver er Ég?*

- ❖ **Félagslegur bakgrunnur:** mótast af umhverfi manns, móðurmál, menntun, menning, starf búseta ofl.
- ❖ **Persónuleiki:** það sem einkennir okkur.
- ❖ **Sjálfsmynd:** Heildartilfinning manns fyrir sjálfum sér, t.d. útliti hæfni og samfélagslegri stöðu sérhvers manns, hún er meðvituð og nokkuð stöðug.

## *Hver er ég?*

- ❖ **Sérkenni:** það sem maður er.  
**Persónulegsérkenni** – það sem gerir okkur okkur.  
**Hópsérkenni** – gera okkur svipuð öðrum en samt ólík.
- ❖ **Umhverfi** – engir tveir einstaklingar búa í eins umhverfi.
- ❖ **Fjölskyldugerð** – í nútímasamfélagi eru margar gerðir fjölskyldna, t.d. Kona og karl, karl og karl, kona og kona, einstæð kona og einstæður karl.

## *Hver er ég?*

- ❖ Skipta má einkennum systkina eftir ákveðnu formi:
- ❖ A) elsta barn: látið bera ábyrgð og setja fordæmi
- ❖ B) mið barn: hin týndu börn, sveigjanleiki
- ❖ C) yngsta barn: dekurrofán sem kemst upp með allt
- ❖ Lengi býr að fyrstu gerð. Allt kapp er lagt á að vanda sem mest við fyrsta barn, allt keypt nýtt, fylgst mjög náið með öllu.

## *Hver er ég?*

- ❖ Erfðir ákvarða einstaklingin.
- ❖ **Greind er:**
  - a) meðfæddur hæfileiki til að afla sér þekkingar og nýta hana og laga sig að umhverfinu
  - b) líffræðileg aðlögun sem stefnir að jafnvægi einstaklings og umhverfis
  - c) hæfni einstaklingsins til að skilja og gera sér mynd af hinum ytri veruleika innra með sér.
- ❖ **Félagsleg hegðun** tekur mið af umhverfinu og öllu því lífi sem er þar að finna.
- ❖ Maðurinn þarf að fullnægja bæði félagslegum þörfum og líffræðilegum þörfum.

## *Hver er ég?*

- ❖ **Viðmið:** eru skráðar og óskráðar reglur sem segja til um hvernig eignum að hegða okkur við mismunandi aðstæður. Hegðun er lærð. Við lærum hvernig við eignum að hegða okkur og bregðast við áreit.
- ❖ **Rökræn hugsun:** að fólk geti hugsað óhlutstætt og búið til kenningar um allt mögulegt í huganum.
- ❖ **Viðbrögð:** er hvernig við bregðumst við aðstæðum.
- ❖ **Félagsleg mótun:** eru áhrif umhverfisins á einstaklingsins og hvernig þau hafa áhrif á hann, dæmi um slít má nefna tisku. Mennt fylgjast með því hvað er í tisku í umhverfi sínu og aðlagast því.

## Ég og hinir

- ❖ **Félagsleg hlutverk:** segir til um hvaða væntingar fólk hefur um hegðun þína og hvernig einstaklingurinn spilar úr því.
- ❖ **Stöður:** segir til um hver þú ert og hvaða hópum þú tilheyrir. Hún segir líka til um tengsl einstaklings við aðra.
- ❖ **Hópar:** eru einstaklingar sem hafa samskipti sín á milli. Hópar taka stöðugum breytingum. Skiptast í:
  - a) **Frumhópa:** litilir og persónulegir hópar, samskiptin náin og verra lengi, dæmi, fjölskylda og vinir.
  - b) **Fjarhópar:** þar á fólk fremur stutt og ópersónuleg kynni og veit oft lítið um hvort annað, dæmi fólk í öðrum árgöngum í skólanum, krakkar í íþróttafélagi.

## Ég og hinir

- ❖ **Félagslegir rammar:** við tilheyrum mörgum hópum og þegar þeir skarast verður að skilgreina ramma um hvernig hegðun á að vera á milli þeirra.
- ❖ **Vinátta:** Strákar og stelpur mynda vináttusambönd en gera það þó samt á ólíkan hátt. Stelpur mynda „trúnaðarsambönd“ milli tveggja eða fleiri, á meðan strákar mynda hópa sem tengjast ekki eins tilfinningalega og stelpur.
- ❖ **Kynhlutverk:** eru allar þær væntingar sem gerðar eru til einstaklinga út frá kynferði þeirra.

## Ég og hinir

- ❖ **Kynbundnar væntingar:** eru misjafnar eftir kynum. Þessar væntingar læra einstaklingar af foreldrum sínum. Frá náttúrunnar hendi er munur á strákum og stelpum. Konur geta alið börn, þetta er líffræðileg ákvarðað önnur hegðun er lærd.
- ❖ **Staðalmyndir:** eru einfaldar, yfirdrifnar og oft fordómafullar lýsingar um alla einstaklinga innan sérstaks hóps.

## Fjölskyldan

- ❖ **Fjölskylda** er hópur fólks sem er tengdur eða skyldur og býr saman að staðaldri og þeir fullorðnu bera ábyrgð á börnunum.
- ❖ **Kjarnafjölskylda:** mamma, pabbi og börn. Í dag er þetta breytilegt.
- ❖ **Staðfest samvist:** lögskráð sambúð samkynhneigðra.
- ❖ **Stórfjölskylda:** þrír ættliðir sem búa undir sama þaki og hafa sameiginlegt heimilishald. (amma/afi/mamma/pabbi/ börn og stundum frændur/frænkur)

## Fjölskyldan

- ❖ **Líkur sækir líkan heim.** Þegar fólk ákveður að giftast skipa eftirfarandi þættir máli:
  - a) Svipaður aldur
  - b) Stétt
  - c) Trúarbrögð
  - d) Menntun
  - e) Kynþáttur
  - f) ÚtlitAllt þetta eru félagsleg einkenni og hafa áhrif á makaval.
- ❖ **Hlutverk fjölskyldna:** er fyrst og fremst að stuðla að endurnýjun mannkyns. Líka er hún stærst félagsmótunaraðilinn í lífi barna. Foreldrar eru fyrirmyndir og vekja ást og umhyggju.

## Samtök og stofnanir sem koma að málefnum barna

- ❖ Barnaverndarstofa
- ❖ Stígamót
- ❖ Fjölskylduþjónusta kirkjunnar
- ❖ Upplýsinga- og menningarmiðstöð nýbúa
- ❖ Umboðsmaður barna
- ❖ Rauðakrosshúsið
- ❖ Jafningjafræðsla framhaldsskólanema

## Réttindi og skyldur

- ❖ Allir þegnar hafa bæði réttindi og skyldur í því samfélagi sem þeir búa í.
- ❖ **Sjálfræði:** er þegar einstaklingur ræður yfir eigin peningum, persónulegum högum, hvar hann vill vinna og búa.
- ❖ Yfirvöld eru þau einu sem geta svipt einstakling sjálfræði. Þá þarf að upp fylla eftirfarandi skilyrði:
  - a) einstaklingurinn þarf að vera andlega vanheill eða þúa við mikinn heilsubrest.
  - b) ef ofdrykkja eða ofnotkun ávana- og fíkniefna geri einstaklingin óhæfan um að ráða við sína persónulegu hagi.

## Réttindi og skyldur

- ❖ Stjórnsmál snúast um **formleg réttindi** og skyldu þegnanna.
- ❖ **Ófromleg réttindi** og skyldur eru oft þær sem fjölskylda okkar leggur á okkur.
- ❖ Hvers vegna fermast:
  - 1) Athygli
  - 2) Fermingagjafir
  - 3) Þrýstingur frá ættingjum

## Aldursákveðin réttindi

- ❖ Við getnað: fóstureyðing er refsiverð nema til komi leyfi heilbrigðisyfirvalda.
- ❖ Við fæðingu: þú öðlast ríkisborgararétt og átt rétt á framfærslu
- ❖ 6 ára: skólaskylda hefst
- ❖ 7 ára: má ekki hjóla á akbraut nema eldri einstaklingur (15 ára) sé með.
- ❖ 10 ára: þú mátt leigja myndbandsspólu bannaða innan 10 ára.
- ❖ 12 ára: átt rétt á að tjá þig um mál sem snerta þig persónulega, til dæmis í skilnaði um hvar þú vilt búa og með hverjum þú vilt eyða sumarfríi með. Það verður líka að spyrja þig ákveði foreldrar þínir að skipta um trú.
- ❖ 13 ára: þú mátt keyra dráttarvél í sveit. Þú mátt taka að þér létt störf sem ekki bitna á skólagöngu þinni eða heislu.

## Aldurstengd réttindi

- ❖ 14 ára: ferming, þú hefur rétt að tjá þig í peningamálum sem snerta þig.
- ❖ 15 ára: **þú verður sakhæfur**, þú mátt reiða barn á reiðhjól, þú getur fengið ökuskyrteini fyrir bifhjól. Þú átt rétt á vist í framhaldsskóla hafir þú lokið grunnskólaprófi.
- ❖ 16 ára: þú mátt spila í Rauðakross kössunum í sjoppum, þú mátt hefja ælingaakstur til bílprófs.
- ❖ 17 ára: færð bílpróf.
- ❖ 18 ára: færð sjálfræði, kosningarétt, mátt gifta þig ofl.
- ❖ 20 ára: Heimilt að versla í Vínbúðum og kaupa áfengi á skemmtistöðum.
- ❖ 21 árs: Getur fengið leyfi frá dómsmálaráðherra til að kennta öðrum að keyra.
- ❖ 35 ára: mátt bjóða þig fram til forseta.

## Réttindi og skyldur

- ❖ Hvað má ekki láta hafa eftir sér í skólablaðið, eftirfarandi er brotlegt samkvæmt hegningarlögunum:
  - 1) Móðgun við annan mann
  - 2) Aðdróttun — gefa eitthvað í skyn
  - 3) Útbreiða ærumeiðingar — það sem þú hefur heyrt um einstakling
- ❖ **Ærumeiðing:** Þegar ráðist er á sjálfsvirðingu fólks eða reynt er að sverta það í augum annarra

## Réttindi og skyldur

- ❖ Öll almenn mannréttindi í heiminum má rekja til tveggja atburða:  
Frelsisstríð Bandaríkjanna 1775-83  
Franska byltingin 1789
- ❖ Þessar byltingar settu í sess
  - 1) rétt til þess að tjá sig (tjáningarfrelsi)
  - 2) rétt til frelsis
  - 3) rétt til jafnræðis — allir jafnir fyrir lögum

## Amnesty International

- ❖ eru samtök sem fylgjast grannt með því að almenn mannréttindi séu virt alls staðar í heiminum.
- ❖ eru alþjóðleg samtök sem stofnuð voru 1961.
- ❖ samtökin eru óháð stjórnálastefnum og hafa útibú um allan heim.
- ❖ þau birta reglulega syndalista, þar sem mannréttindi í öllum heiminum eru skoðuð.

## Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

- ❖ Árið 1948 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar mannréttindayfirlýsingu þar sem lýst er mörgum réttindum sem eiga að gilda fyrir allt mannkyn.
- ❖ Er alls um 30 greinar. Sem fjalla um réttindi óháð höfundslit, kynferði, trú, móðurmáli og uppruna.
- ❖ Greina má mannréttindi í 3 meginflokkar:
  - A) Fólki á rétt á að fá grundvallarþörfum fullnægt.
  - B) Það á að geta tekið þátt í stjórnun landsins sem það býr í.
  - C) Það á að hafa frelsi til velja og hafna.

## Þarfapírámíði Maslows

1. Lífeðlislegar þarfir
2. Öryggisþarfir
3. Félaglegar þarfir
4. Þörf fyrir sjálfsvirðingu
5. Þörf fyrir lífsfyllingu

## Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

- ❖ Hann var samþykktur 20. nóvember 1989.
- ❖ Þetta eru alþjóðleglög sem fela í sér full mannréttindi til barna og unglinga, hvar sem er í heiminum.
- ❖ Markmið sáttmálans er að gera líf allra barna á jörðinni sem best í framtíðinni.
- ❖ Aðalinntakið er að öll börn eigi sama rétt til að lifa í friði og öryggi og virðingu fyrir hugsunum sínum og skoðunum.

## Menntun

- ❖ Skólaskylda er á Íslandi. Öll börn á aldrinum 6-16 ára er skylt að sækja skóla.
- ❖ Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra gangi í skóla.
- ❖ Skyldunámið á Íslandi er(á) að vera ókeypist.
- ❖ Á 19. öld var skólaskylda fyrst innleidd í hinna vestræna heim á Íslandi gerðist það ekki fyrr en árið 1907 og náði bara til 10-14 ára barna. Síðan þá hafa sífellt verið gerðar breytingar og í dag eru enn hugmyndir um að hækka skólaskyldu.

## Menntun

- ❖ Skólastigin á Íslandi er nokkur:
  - 1) Leikskólar
  - 2) Grunnskólar
  - 3) Framhaldsskólar
  - 4) Háskólar
- ❖ Hvert stig starfar sjálfstætt, en þörf er á að ljúka sumum til þess að komast á það næsta.
- ❖ Þó eiga allir sem **lokið hafa grunnskóla** rétt á að hefja nám í framhaldsskóla

## Menntun

- ❖ Framhaldsskólar geta þó sett inntökuskilyrði fyrir skólavist eða setu á vissum brautum.
- ❖ Starfsnámsbrautir má skipta í tvo flokka:
  - 1) nám sem leiðir til lögverndaðara starfsréttinda
  - 2) nám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa
- ❖ **Lögvernduð starfsréttindi:** starf sem enginn má vinna nema að hafa lokið prófi í því.

## Menntun

- ❖ **Formleg menntun:** er sú sem fer fram í skóla.
- ❖ **Óformleg menntun:** er það sem við lærum gegnum allt lífið, lífsreynsla.
- ❖ **Raunhæfni:** öll menntun sem þú hefur.
- ❖ Vinnumarkaðurinn er alltaf í stöðugri þróun þannig að því meiri menntun sem einstaklingur hefur (bæði formleg og óformleg) eykur líkur á betri vinnu.

## Þjóðfélagsfræði

Hverjir ráða?

## Samfélög

- ❖ **Samfélag:** stór eða smár hópur fólks sem búr (lífir) saman.
- ❖ Þau geta verið smá og stór, t.d. Skólinn, bekkurinn, Ísland.
- ❖ **Þjóðfélag:** hópur fólks sem lifir saman í skipulögðu ríki, með sameiginlegu stjórnkerfi og gjaldmiðli.
- ❖ **Ríki:** tiltekið byggt landsvæði með föstu stjórnkerfi. Valdsvæði.

## Samfélög

- ❖ **Þjóð:** er hópur fólks á ákveðnu landsvæði sem hefur sameiginlega tungu, menningu, sögu og þjóðernistilfinningu.
- ❖ **Þjóðernisminnihlutahópar:** eru hópar sem eru í minnihluta í þeim ríkjum þar sem þeir búa.
- ❖ Við mótum það samfélag sem við byggjum og það mótur okkur!
- ❖ Sameiningartákn Íslendinga er tungumálið!

## Samfélög

- ❖ Hlutverk samfélaga má flokka niður. Þau eru alheimsleg. Helstu hlutverk eru:
  1. Að sjá íbúum fyrir nauðþurftum
  2. Það er háð því að nýir einstaklingar fæðist
  3. Félagsmótum – leikreglur kenndar
  4. Þau hafa skráð og óskráð viðmið
  5. Þau hafa stýrikerfi
- ❖ Þetta eru atriði sem bæði er að finna hjá frumstæðum og tæknivæddum

## Samfélög

- ❖ **Félagsmótun:** einstaklingurinn er mótaður inn í það samfélag sem hann tilheyrir.
- ❖ **Félagsmótunaraðilar:** fjölskyldan, skólinn, fjölmiðlar og vinirnir
- ❖ Félagsmótun hefst strax við fæðingu og heldur áfram í gegnum lífið.
- ❖ Leikreglur samfélagsins eru oft aldursbundnar.

## Samfélagið

- ❖ **Frummótun:** á sér stað innan fjölskyldunnar.
- ❖ **Síðmótun:** fer fram utan fjölskyldunnar.
- ❖ **Heimsmynd:** hvernig við sjáum heiminn og túlkum hann.
- ❖ **Félagsleg viðmið:** skráðar og óskráðar reglur samfélagsins. Dæmi: skráð-íslensk lög, óskráð-svona er þetta bara

## Lýðræði og vald

- ❖ **Stjórnsmál:** snúast um völd
- ❖ **Lýðræði:** lýðurinn ræður.
- ❖ Lýðræði kemur frá Grikkjum.
  - A) þrælasamfélag
  - B) þjóðfundir
  - C) idíótar
- ❖ **Vistarskylda:** allir sem náð höfðu 16 ára aldri og bjuggu ekki foreldrahusum eða stóðu fyrir eigin heimili urðu að ráða sig í vist.

## Lýðræði og vald

- ❖ **Borgaraleg réttindi:** reglur sem koma í veg fyrir kúgun meirihluta, t.d. Eignarétt, tjáningarfrelsi, félagfrelsi osf.
- ❖ **Beint lýðræði:** þar eru öll málefni lögð beint fyrir þegna ríkisins
- ❖ **Fulltrúalýðræði(óbeint):** velur fólk fulltrúa stna til að taka ákvarðanir.
- ❖ **Þjóðaratkvæðagreiðsla:** þar kys fólk beint og milliliðalaust um ákveðið mál.

## Lýðræði og vald

- ❖ **Alræði:** þegar einstaklingar hafa ótakmarkað vald, sbr. einræðisherrar.
- ❖ **Lýðveldi:** er afbrigði af lýðræði, þar sem fólk kys fulltrúa til að fara með atkvæði sitt í málefnum samfélagsins.
- ❖ **Kjörgengi:** að hafa rétt á að fara í framboð.
- ❖ **Kosningaréttur:** segir til um það hverjir megi kjósa og hvenær.

## Lýðræði og vald

- ❖ **Þingræði:** meirihluti þingmanna í hverju þingi ræður.
- ❖ **Vald:** er að ná fram óskum sínum og/eða að þvinga fram vilja sinn þrátt fyrir andspyrnu frá öðrum
- ❖ Vald getur bæði verið beint og óbeint.

## Lýðræði og vald

- ❖ **Löglegt vald:** hverjir mega beita valdi og við hvaða aðstæður.
- ❖ **Ólöglegt vald:** er það sem glæpaklíkur beita fólki.
- ❖ **Ólögleg valdbeiting:** er þegar einhver hefur í hótunum við þig eða þvingar þig í eitthvað.

## Stjórnskipan

- ❖ **Stjórnarskrá:** lög sem segja til um stjórnun ríkis.
- ❖ Þrískipting ríkisvalds – kemur frá Frakknum Montesquieu og skiptist þannig:
  - 1) **Lögjafarvald** – þar sem lög in eru sett, þingið
  - 2) **Frankvæmdavald** – þeir sem framkvæma samþykktir þingsins
  - 3) **Dómsvald** – þeir sem dæma eftir lögum landsins

- ❖ Her a að koma skipurit af stjornskipan Islands

## Stjórnskipan

- ❖ Foresti Íslands er kosinn á 4 ára fresti.
- ❖ Völd forseta Íslands eru takmörkuð af stjórnarskránni:
  - 1) hann ber ábyrgð á gjörðum ríkisstjórnarinnar, þeir stjórna í umboði hans
  - 2) hann getur neitað að skrifa undir og staðfesta lög
  - 3) hann er fulltrúi landsins út á við

## Stjórnskipan

- ❖ Alþingi – er kosið af þjóðinni á 4 ára fresti.
- ❖ **Stjórnmalaflokkar:** skipuleg samtök sem berjast fyrir ákveðnu marki í málum sem varða rekstur og starfsemi þjóðfélagsins.
- ❖ **Fjárlög:** lög um tekjur og gjöld ríkis á ákveðnu tímabili.

## Stjórnskipan

- ❖ Störf Alþingis:
  - A) Alþingi starfar í einni málstofu, þar sem teknar eru ákvarðanir, einn þingmaður eitt atkvæði
  - B) Alþingi hefur fastanefndir sem ræða misjöfn mál
  - C) Forseti Alþingis – stjórnar fundum og annari starfsemi Alþingis
  - D) Þingflokkar – þingmenn stjórnmalaflokka koma saman og ræða afstöðu sína í vissum málum

## Stjórnskipan

- ❖ Ný Lög  
Til eru tvennskonar frummvörp:  
1) *stjórnarfrummvörp*  
2) *þingmannafrumvörp*  
Öll frummvörp þurfa að fara í gegnum 3 umræður á Alþingi og hljóta samþykki til að verða að lögum. Einnig er frummvörpum vísað til nefnda á milli umræðna til að gera athugasemdir við þau.

## Stjórnskipan

- ❖ **Hagsmunasamtök**: eru skipulögð samtök einstaklinga eða félaga sem setja fram ákveðnar kröfur á hendur annarra hópa eða stjórnvalda út frá markmiðum hópsins.
- ❖ **Sveitarfélög**. Íslandi er skipt upp í mörg sveitarfélög sem hafa verkefni sem Alþingi hefur útteilt þeim.

## Stjórnskipan

- ❖ Dómsvald skiptist í tvennt:  
1) refsilög  
2) einkamálarétt
- ❖ Dómsstig eru 2:  
Héraðsdómur – lægra stig  
Hæstiréttur – æðsti dómstóll

## Þjóðfélagsfræði

Samastaður í heiminum

## Hvað er að vera Íslendingur

- ❖ Við erum einstök
- ❖ Við erum sérstök
- ❖ Við erum engum lík
- ❖ Við búum á skeri út í ballarhafi
- ❖ Við búum við erfið lífsskilyrði
- ❖ Við búum í sambúð með náttúruóflum
- ❖ Tungmálið er ekki á vörum margra

## Hvað er að vera Íslendingur

- ❖ Landsdframleiðsla:
- ❖ Íslendingar búa mjög vel, menntun er há, tekjur góðar, gott heilbrigðiskerfi og lífslíkur með því hæsta sem þekkist.
- ❖ Við erum á topp 10 lista Sameinuðu þjóðanna yfir þau lönd þar sem best er að búa.

## Hvað er að vera Íslendingur

- ❖ Hægt að segja að við séum bæði ung og gömul þjóð.
- ❖ Íslendingar eru einsleit þjóð:
  - \* flestir í þjóðkirkjunni
  - \* tala sama tungumálið
  - \* hafa allir sömu réttindi og skyldur
  - \* menntun er sú sama óháð búsetu
  - \* höfum sameiginlegt stjórnarfar og fjölmiðla

## Hvað er að vera Íslendingur

- ❖ **Staðalmyndir:** eru einhæfar og oft fordómafullar lýsingar á hópum og þjóðum.
- ❖ **Alþjóðavæðing:** miðar að því að gera heiminn minni með því auka frjálsræði á öllum sviðum.
- ❖ Helstu einkenni: betri samgöngur, fjölmiðlar og ný samskiptatækni.

## Ísland og umheimurinn

- ❖ **Ríki:** stjórnarfarsleg heild sem einkennist af ákveðnum landamærum og innan þeirra er ríkið sjálfstætt og með full yfirráð
- ❖ **Fullvalda:** þýðir að stjórnmalastofnanir ríkisins hafa æðsta yfirráð yfir íbúum ríkisins.
- ❖ Sjálfstæð ríki í heiminum eru í dag í kringum 190. En sú tala tekur sífelldum breytingum.

## Ísland og umheimurinn

- ❖ Helstu einkenni smáríkja:
  - \* þau eru fámennt
  - \* hernaðarleg vanmáttug
  - \* atvinnuvegir einhæfir
- ❖ Fiskveiðilögsaga: marklína sem segir til um hvar og hverjir megri veiða innan.
- ❖ Dýplómatíska leiðin: þegar ríki beita sendiráðum og sendimönnum til lausnar á málum

## Ísland og umheimurinn

- ❖ Í heiminum gilda 2 svið í viðskiptum:
  - 1) *hafta og verndarstefna*
  - 2) *fríverslun*
- ❖ **Tollur:** sérstakt gjald sem lagt er á innfluttar vörur.
- ❖ Ríkustu markaðir í heimi eru: Norður-Ameríka, Evrópa (ESB) og Japan.
- ❖ **Þjóðarframleiðsla:** samtala þeirra verðmæta vöru og þjónustu sem þjóðin framleiðir á ákveðnu tímabili.

## Ísland og umheimurinn

- ❖ **Próunarlönd:** vanþróað land, ríki sem stendur öðrum að baki um nýtnun náttúruauðlinda og lífskjör fólks.
- ❖ **EFTA** – fríverslunarsamtök. Aðildaríki samþykkja að leggja niður tolla á iðnvamingi í verslun sín á milli

## Ísland og umheimurinn

- ❖ **Evrópusambandið:** var stofnað sem viðskiptabandalag en hefur þróast í dag í átt að yfirþjóðlegri stofnun sem skiptir sér að öllu.
- ❖ **Maastricht** (1994) sáttmálinn er grundvöllur bandalagsins:
  - 1) Efnahags- og gjaldeyrissamvinna
  - 2) Sameiginleg stefna í utanríkis- og tryggingarmálum
  - 3) Samvinna í löggæslu- og réttarfarsmálum

## Ísland og umheimurinn

- ❖ 1985 ákvað ES að koma á sameiginlegum markaði. Frjálst flæði vöru, þjónustu, vinnuafis og fjármagns.
- ❖ Til þess að geta verið í þessum markaði gengu Íslendingar í samningin um **Evrópska efnahagssvæðið**. Samningurinn opnar markaði á meginlandinu.

## Ísland og umheimurinn

- ❖ Norrænt samstarf:
  - Norðurlandaráð** er samstarfsvettvangur norræna þingmanna og ráðherra
  - Norræna ráðherranefndin** er samstarfsvettvangur ríkisstjórna
- ❖ **NATO – Atlantshafsbandalagið**, hernaðarbandalag sem stofnað var árið 1949 og átti að stöðva frekari útþenslu Ráðsstjórnarríkjanna. Í stofnsáttmála segir að árás á eitt ríki í bandalaginu sé árás á þau öll.

## Sameinuðu þjóðirnar

- ❖ Voru stofnuð 1945 af sigurveigurum úr seinni heimsstyrjöldinni.
- ❖ Hlutverk:
  - \* að stuðla að friði í heiminum og koma í veg fyrir átök
  - \* að vinna að félagslegri og efnahagslegri þróun í heiminum
  - \* að standavörð um almenn málefni

## Sameinuðu þjóðirnar

- ❖ Þá hefur 6 stofnanir:
  - 1) Allsherjarþingið
  - 2) Öryggisráðið
  - 3) Skrifstofa Sameinuðu þjóðanna
  - 4) Fjárhags- og félagsmálaráðið
  - 5) Gæsluverndarráðið
  - 6) Alþjóðadómstóllinn
- ❖ **Neitunarvald:** þjóðir að hægt sé að koma í veg fyrir ákvörðunartöku eða ákvörðun taki gildi.